

Nd.

463. Nefndarálit

um frumvarp til stjórnarskipunarlagu um breyting á stjórnarskrá um hin sjerstaklegu málefni Íslands 5. jan. 1874, með áorðnum breytingum samkv. stjórn.skipunarl. 3. okt. 1903 og lögum nr. 41, 20. okt. 1905.

Nefnd sú, er háttvirt deild hefir falið frv. þetta til ihugunar, hefur eigi getað orðið á eitt mál sátt.

Meiri hluti nefndarinnar telur eigi heppilegt, því síður nauðsynlegt, að þetta þing afgreiði frá sjer lög um breyting á hinni gildandi stjórnarskrá.

Svo sem kunnugt er, hefur verið sett nefnd manna af hálfu bæði alþingis og hins danska ríkisþings, og eiga nefndir þessar að semja og bera upp fyrir konungi tillögur í lagafrumvarps formum um stöðu Íslands í Danaveldi, eða um samband Íslands og Danmerkur. — Að visu er eigi hægt að spá neinu um það með vissu, hver árangur verði af þessu nefndarstarfi, en þess munu allir Íslendingar vænta, að árangurinn verði sá, bæði að fleiri mál verði lögð undir forráð alþingis, og að löggjöf og stjórn landsins verði trygt fullkomið sjálfstæði í öllu því, er landið varðar sjerstaklega. — Þessa vænta menn, og telja má sennilegar líkur til, að þessar vonir rætist.

En fari svo, þá má telja það vist, að fyrirkomulagið á hinni æðstu stjórn Íslands og aðstaða hennar gagnvart bæði konungi og stjórn sambandslandsins geti, eða jafnvel hljóti, að verða fyrir breytingum. Eins og mál þetta nú horfir við, er því mjög sennilegt, að jafnhliða því er frumvarp sambandsnefndarinnar verður til meðferðar á alþingi, væntanlega 1909, hljóti að verða því samferða frumvarp um breyting á stjórnarskránni ef til vill gagngjörð endurskoðun hennar.

Ef frumvarp það, er fyrir liggur, eða eitthvert frumvarp um breyting á stjórnarskránni, næði samþykki þessa þings, væri skyldugt, að leysa upp þingið þegar í stað (61. gr. stjórnarskrárinnar) og mundi þá stjórnin, samkvæmt fastri venju og ákvæðum 8. gr. í stjórnarskr., telja sjer skylt, að boða til kosninga í júní 1908 og kveðja til aukapings í lok júlí eða byrjun ágústmán. 1908.

Hið reglulega alþingi kemur saman 15. febrúar 1909 — rúmum 5 mánuðum eftir lok aukapingsins, væri til þess hvatt — og til þess er ætlast, að alþing 1909 fái tillögur eða frv. sambandsnefndarinnar til meðferðar.

Svo framarlega, sem tillögur sambandsnefndarinnar leiða til þess, að endurskoða þurfi stjórnarskrána 1909 — sem, eins og áður er fram tekið, má telja því nær alveg vist eða mjög sennilegt, — þá er öllum kostnaði og fyrirhöfn þjóðarinnar við kosningar í júní 1908, og öllum kostnaði við aukapingið 1908 fullkomlega á glæ kastað og til alls engra nota, hvorki fyrir þjóðina nje stjórnarskrármálið sjálf. — Þetta mundi því vera næsta óráðlegt. —

Svo er og annað atriði, engu þýðingarminna, er vel verður að athuga.

Til þess er ætlast, að tillögur og frumvarp sambandsnefndarinnar verði kunnugt þjóðinni á næsta ári, svo snemma, að þjóðin geti haft hliðsjón af þessum tillögum við almennar kosningar á næsta hausti. Á það hefur verið lögð rík áhersla, að þjóðinni yrði með almennum kosningum gefinn sem bestur kostur á, að láta í ljósi sinn vilja um sambandsmálið, og meiri hluti nefndarinnar álitur nauðsynlegt, að alt verði gjört, sem hægt er, til þess að þjóðinni verði það mál svo vel kunnugt, sem föng eru á, fyrir hinar næstu almennu kosningar til alþingis, 1908.

Það mál, hið þýðingarmesta mál, sem um langan aldur hefur verið til meðferðar, á mestu að ráða við hinar næstu almennu kosningar.

Yrði nú stjórnarskrárbreyting samþykkt á þessu þingi og kosningar færu fram í júní 1908, þá er þessum grundvelli kosninganna alveg raskað. Þá væri alls ómögulegt, að þjóðin gæti haft nokkra hliðsjón af sambandsmálinu við kosningarnar, því gjörðir nefndarinnar verða eigi kunnar fyrir þann tíma. En af því mundi aftur leiða það, að þingið 1909, sem fyrst ætti að fjalla um sambandsmálið, væri kosið með alt annað fyrir auga og hefði því ekki nægilega traust umboð þjóðarinnar í því máli, þar sem mest riður á því. — Þetta mundi og leiða til þess, að rýra áhrif þjóðarinnar á og atkvæði hennar um sambandsmálið. Nú er til þess ætlast, að þjóðin geti haft það mál sjerstaklega fyrir auga við *tvennar* kosningar: hinar almennu kosningar 1908 og við kosningar til aukapings 1910, þar sem gjörðir þingsins 1909 í því máli koma til fullnaðar-úrslita.

Færi nú kosningar fram í júní 1908, áður en tillögur sambandsnefndarinnar eru þjóðinni kunnar, gæti hún að eins *i eitt skifti* — við kosningar til aukapings 1910 — látið uppi sinn vilja um það mál *við kosningar* og þá ekki fyrri en eftir það, er þing 1909, kosið á öðrum grundvelli, væri búið að fjalla um málið.

Auk þessa gæti og af þessu leitt, að bæði sambandsmálið og endurskoðun stjórnarskrárinna kæmist á fullkomna ringulreið, sem yrði til að spilla öllum árangri þess fyrir aukið frelsi lands og þjóðar. Það er hætt við, að þingið 1909 þættist standa þar höllum fæti gagnvart kjósendum landsins, umboðslaust af þeirra hálfu í máli, jafn stórvægilegu fyrir alda og óborna. — Ástæður þær, er nú eru taldar, virðast nægar til þess að rjettlæta þá skoðun meiri hlutans, að óráðlegt sje og óheppilegt, að samþykkja á þessu þingi breyting á stjórnarskránni.

Það verður heldur eigi álitid, að nokkur brýn nauðsyn sje til þess einmitt á þessu þingi, að breyta stjórnarskránni, þegar telja má nær því alveg víst, að hana verði hvort sem er að endurskoða eftir 1½ ár, og hvað sjerstaklega snertir það ákvæðið, orðin »í ríkisráðinu«, er flm. frumvarpsins munu leggja hvað mesta áherslu á, þá virðist frv. um breyting á því atriði einnig geta beðið þingsins 1909. — Brottnám þeirra orða úr stjórnarskránni, svo sem farið er fram á í frv., nægir ekki, eitt út af fyrir sig, til þess að tryggja, frekar en nú er, yfirráð Íslendinga með konungi einum, yfir landsins málum, en um það efni verða væntanlega tvímælalaus ákvæði tekin upp í frv. það, er þingið 1909 fær til meðferðar. — Einnig er það hugsanlegt, að eitthvert annað fyrirkomulag á hinni æðstu stjórn (t. d. landsstjóri) verði löglcitt þá, svo að öll sú deila, er verið hefur um þetta atriði, falli burt af sjálfu sjer. —

Samkvæmt þessu vill meiri hluti nefndarinnar því leggja það til, að hið fyrirbyggjandi frv. verði eigi frekar meðhöndlað af þinginu að þessu sinni, og mun meiri hluti nefndarinnar bera upp tillögu þar að lútandi við frh. 1. umr.

Neðri deild alþingis, 29. ágúst 1907.

Guðl. Guðmundsson
form. og frmsm.

Hannes Þorsteinsson.

G. Björnsson.

Jón Jónsson.

Pjetur Jónsson.